

Stjórnarfundur Glímusambands Íslands

Haldinn 2. mars 2018 kl. 17:30 á skrifstofu Glímusambandsins í Laugardalnum.

Mætt voru: Svana Hrönn Jóhannsdóttir, Guðmundur Stefán Gunnarsson, Jóhanna Guðrún S. Magnúsdóttir, Marín Laufey Davíðsdóttir og Margrét Rún Rúnarsdóttir.

Fundargerðina ritaði Svana Hrönn Jóhannsdóttir

- **Skipað í stöður innan stjórnar**

- Guðmundur Stefán Gunnarsson verður varaformaður.
- Jóhanna Guðrún S. Magnúsdóttir verður gjaldkeri.
- Marín Laufey Davíðsdóttir verður ritari.
- Margrét Rún Rúnarsdóttir verður meðstjórnandi
- Í varastjórn eru Snær Seljan Þóroddsson, Gunnar Gústav Gunnarsson og Þórður Vilberg Guðmundsson.

- **Ráðning framkvæmdastjóra**

- Stjórnin ákveður að ráða Svönu Hrönn sem framkvæmdastjóra í 50% starfshlutfall. Jóhanna gjaldkeri klárar starfssamning við Svönu.

- **Grunnskólamót GLÍ**

- Breyta þarf staðsetningu Grunnskólamóts GLÍ vegna vatnsskemmda í Ármannsheimilinu. Mótið mun fara fram í Njarðvík.
- Margrét Rún, Guðmundur, Jóhanna munu mæta og verða til aðstoðar. Guðmundur ætlar að ræða við Heiðrúnu og Gunnar Gústaf til að koma og aðstoða líka.

- **Íslandsglíman**

- Verður haldin 24. Mars í Kennaraháskólanum.
- Það þarf að kaupa verðlaun, merkja Freyjumenið, sækja Grettisbeltið – Svana klárar.
- Rætt var um heiðursgesti. Svana og Guðmundur klára.
- Rætt var um að skipa í störf á Íslandsglímunni, markmiðið er að virkja stjórnarmeðlimi sem eru ekki keppendur.
- Svana hefur samband við Félag glímudómara til að dæma.
- Það þarf að finna einhver til að taka upp Íslandsglímuna, Svana og Marín skoða.

- **EM unglinga**

- 6.-8. apríl. Svana og Guðmundur fara með hópnum. Ólafur Oddur fer sem formaður FILK og Atli Már Sigmarsson sem dómari. Keppandur frá GLÍ verða: Heiðrún Fjóla Pálsdóttir,, Jana Lind Ellertsdóttir, Kristín Embla Guðjónsdóttir, Marta Lovísa Kjartansdóttir, Bjarni Darri Sigfússon, Einar Torfi Torfason og Kári Raguels Víðisson
- Stefnt er að hafa æfingu fyrir hópinn sömu helgi og Íslandsglíman fer fram. Svana tekur stöðuna á hópnum.
- **EM 2019**
 - Rætt var um hvort Ísland eigi að halda EM í keltneskum fangbrögðum 2019. Reiknað er með að svona mót kosti allt að 5 milljónir. Huga þarf að gistingu, mat, rútuferðum og fleiru. Hægt er að reikna með allt að 150 manns. Ef GLÍ ætlar að taka að sér að halda mótið þurfi mikinn mannskap og virkja glímumenn og aðstandendur glímunnar.
- **Árgjald ævifélaga**
 - Stjórn GLÍ samþykkir að árgjald haldist óbreytt og verði árfam og verður 10.000 kr.
- **Ársþing GLÍ 24. Feb 2018**
 - Árgjald ævifélaga: Stjórn GLÍ stefnir á að leggja til lagabreytingu á lögum um árgjald ævifélaga á næsta þingi.
 - Áskorun kom á GLÍ að halda þjálfaranámskeið. Stjórn ræddi um að halda þjálfaranámskeið í Reykjavík næst haust og námskeið samhliða glímukynningum. Jafnvel halda endurmenntunarnámskeið fyrir íþróttakennara.
 - Fulltrúar á ársþingum GLÍ. Kristinn Guðnason óskaði eftir að skoða þurfi lög þannig að héraðsmót telji líka til fulltrúar. Málið verður skoðað þegar lög GLÍ verða endurkoðuð.
 - Stjórnin ræddi um umræðu sem kom upp á ársþinginu tengda #metoo. GLÍ ætlar að skoða með verklagsreglur er varða kynferðisbrot
- **Tillaga í nefndir GLÍ**
 - Stjórnin ræddi tillögu að nefndum. Svana leggur til að Fræðslunefnd og ritnefnd verða sameinaðar og heitir Fræðslunefnd. Stjórnin samþykkti það.
 - Haft verður samband við þá einstaklinga sem stungið var upp á nefndir. Nefndir verða birtar í fundargerð næsta stjórnarfundar.
- **Ungmennaráð**

- Stjórnin ákveður að ungmennaráð GLÍ verði fyrir ungmenni á aldrinum 14-22 ára. Samþykkt var að hvert félag sem er með barna á unglingsstarf tilnefni einstakling á aldrinum 14-22 ára í ungmennaráð. Svana sendir ætlar að hafa samband við félögin.
- Önnur mál
 - Sýnileiki glímunnar – markaðssetning
 - Nýta betur samfélagsmiðlana sem eru til. Nútímavæða starfsemina. Instagram
 - Hvað viljum við heita á samfélagsmiðlum - hugmynd að láta ungmennaráð ákveða myllumerki (#hashtag)
 - 14-22 ára – ungmennaráð
 - Fjölgja innanfélagsmótum – rætt betur á næsta fundi.
 - Breyta keppnistímabilinu – lengja tímabilið? – rætt betur á næsta fundi.
 - Framtíðarsýn glímunnar – stefnumótun. – rætt betur á næsta fundi.
 - Auka fjölbreytni – meira backhold, ranglen, gouren. – rætt betur á næsta fundi.
 - Samstarf við bæjarhátíðir – óformleg mót, sýningar og kennsla. – rætt betur á næsta fundi.
 - 100 ára afmæli fullveldis – getur glíman verið sýnilegri tengd því. – rætt betur á næsta fundi.
 - Skoða tæknimál (heimasíða, tölvupóstur o.fl.) – rætt betur á næsta fundi.
- Næsti fundur 4. apríl kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 20:10